Kópavo

Til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
Ágrip til kynningar

Kópavogi, 10. febrúar 2026
2602922/001.02 HO

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026

Efni: Fannborg 2 – úrskurður ÚUA

Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfi- og auðlindamála í málinu nr. UUA2601015, dags. 9. febrúar sl. var kæru húsfélagsins Hamraborgar 10 er laut að aðgerðarleysi byggingarfulltrúa vegna niðurrifs Fannborgar 2, vísað frá nefndinni.

Málavextir

Húsfélagið kærði ákvörðun byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar að aðhafast ekkert vegna niðurrifs Fannborgar 2, og vísað til þess að ekkert byggingarleyfi hefði verið veitt fyrir niðurrifi hússins. Hið rétta var þó að ekkert niðurrif var hafið, heldur var verið að rjúfa gat á skyggni til að koma fyrir gámum upp við húsið.

Kópavogsbær benti á að engri kæranlegri ákvörðun væri til að dreifa í málinu og að byggingarfulltrúi hafi þvert á móti brugðist við ábendingu um óleyfisframkvæmdir og stöðvaði framkvæmdina til bráðabirgða.

Þá lá einnig fyrir að búið er að gefa út byggingarleyfi fyrir niðurrifi hússins, en sú ákvörðun hefur verið kærð til úrskurðarnefndarinnar, auk þess sem krafist er stöðvunar framkvæmda. Er það kærumál til meðferðar hjá nefndinni.

Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var því sú, í ljósi þess að ekki lá fyrir nein sú ákvörðun sem borin verður undir úrskurðarnefndina, að vísa málinu frá nefndinni.

Virðingarfyllst,

_____

Harri Ormarsson
lögmaður

Rafræn skilríki

Undirritað af: Harri Ormarsson

Tími: 10.02.2026 14:32
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026